

**MAÐUR VERÐUR AÐ GERA
ÞAÐ SEM MAÐUR VERÐUR AÐ GERA**

Skopleikur um karlmennsku

eftir

Benóný Ægisson

PERSÓNUR: JÓI, verkstjóri um fimmtugt
 SIGGI, vélvirki um þrítugt
 HANNA, eigandi verkstæðisins
 LARUS, bílasali, tvíburabróðir Jóa. Sami leikari
 leikur bæði hlutverkin

Sá aldur sem hér er tiltekinn er leiðbeinandi. Tuttugu ár ættu að vera á milli karlanna en konan mitt á milli þeirra í aldri.

Sviðið er óskilgreint verkstæði. Vinnuborð með vélarhlutum, skrufstykkjum og verkfærum. Kaffikrókur með dagatölum og öðrum myndum af beru kvenfólki. Skrifborð. Tvennar dyr sjást - aðrar venjulegar, hinar stærri, hugsanlega tvískiptar með rennihurðum. Innkomumöguleikar á sviðið þurfa að vera minnsta kosti þrír.

SIGGI stendur við vinnuborðið í glímu við vélarhlut.

SIGGI

Djöfull! Helvítis tussan! Eitthvað þröng á því. Ætlar ekki að láta það.

(Róin sem hann er að bisa við losnar)

Hana! Fékk hún það sem hún var að biðja um. Hvar er spíssinn? Djöfull! Enginn spíss!

JÓI kemur inn

SIGGI

Jói! Eru spíssarnir búnir?

JÓI

Koma á morgun.

SIGGI

Djöfull! Þá get ég ekki klárað þetta. Af hverju pantarðu spíssana ekki nógu snemma?

JÓI

Kjafti! Það eru fíflin í umboðinu.

SIGGI

Djöfull!

(Pögn)

Ég hef verið að hugsa.

JÓI

Nau nau nau nau! Bara verið að hugsa!

SIGGI

Kjafti maður! Ég meina - hvernig er hægt að ætlast til að nokkuð gangi? Þú kennir umboðunum um. Þeir kenna tollinum um. Tollurinn segir bara svona eru reglurnar og ræðið þið bara við stjórnina og svona heldur þetta áfram og áfram og allir kenna öllum

um og allir koxa á öllu og allt er á rassgatinu. Ég meina - er hægt að ætlast til að nokkuð virki þegar þetta er svona?

JÓI

Kjaftri!

SIGGI

Ég skal segja þér það að ég hringdi þarna í útvarpsstöðina - það var svona einhver topppussa að ræða málin og var svona að tala um þetta og svona og maður mátti hringja og ég hringdi og var svona að ræða þetta við hann og hann var svona alveg kominn á rassgatið með allt og þá byrjar helvítis pussan að tala um erfitt efnahagsástand og allt það andskotans píp - ég meina.. ég var ekkert að tala um það svo ég reyndi að útskýra þetta fyrir honum og þá segir hin pussan - ég meina útvarpsspussan: “Ertu með spurningu? Það bíða margir á línunni”. Ég varð auðvitað alveg brjáláður og sagði pussunni að ég væri skattborgari og það væri ég sem borgaði honum kaup og hann skyldi ekki vera með kjaftri við mig. Sagðonum það! Helvítis pussunni! Ha?! Og þá segir pussan: “Því miður er tími okkar á þrotum. Þakka þér fyrir að hringja í þjóðarsálina” Ha?! Við hverju er að búast maður? Svona pussur!

JÓI

Þú ert svo helvítis róttækur. Maður gæti haldið að þú værir kommónisti.

SIGGI

Kjaftri!

Þögn. JÓI geispar.

SIGGI

Nau nau nau nau! Bara kókópöfss í morgunmat. Þú ættir að passa þig maður. Þú gapir svo hroðalega að maður gæti dottið uppí þig.

JÓI

Gat ekkert sofið í nótt.

SIGGI

Þú ert hálf tussulegur. Fékkstu kerlinguna í heimsókn.

JÓI

Nei. Ekkert svoleiðis. Mig dreymdi bara illa. Var alltaf að vakna.

SIGGI

Hvað dreymdi þig?

JÓI

Bara eitthvað rugl.

SIGGI

Segðu mér drauminn. Ég get kannski ráðið hann fyrir þig.

JÓI

Nau! Kjafiti!

SIGGI

Þetta er rosalega merkilegt með svefninn. Rosalega merkilegt.

(Þögn)

Ég var að lesa um þennan indverska fakír - eða hvað hann nú var? - þennan sem bjó fimm ár með slöngunum. Þú veist.. í heimsmetabók ginnes. Ha?! Hann var oní gryfju með helvítis hellingi af baneitruðum snákum. Þegar þeir drógu hann upp var hann búinn að setja heimsmet. Nú gæinn er auðvitað í skýjunum og fær sér herbergi á lúxushóтели og fimmstjörnu dinner. Dettur í það og allt.

JÓI

Mega fakírar drekka?

SIGGI

Ha? Það veit ég ekki. Þeir eru ekkert múhammeðstrúar eða neitt svoleiðis. Jæja. Það skiptir ekki máli. Nú.. hann ætlar að leggja sig eftir matinn og safna kröftum í meira sukk.. en hvað gerist? Hann getur ekki sofnað. Nú.. hann liggur þarna og telur kindur fram eftir nóttu, fær sér svefpillu og allt en ekkert gengur. Svo hann fer aftur í ormagryfjuna leggur sig þar og sefur eins og barn. Nú er hann búinn að slá gamla metið sitt. Heldurðu það það sé?

JÓI

Kjafiti maður!

SIGGI

Já er þetta ekki magnað?

JÓI

Hvernig var það með pussuna úr Ölfusinu? Var hann búinn að fá reikning?

SIGGI

Það veit ég ekki. Ég bara vinn herna. Á Hanna ekki að sjá um það?

JÓI

Hanna!

SIGGI

Þú reddar þessu. Ég hef ekkert vit á svona. Þú ert miklu betri í þessu en ég. Ég meina.. þú hefur alveg séð um reikningana síðan Grjóni dó.

JÓI

En ég verð að vita hvað ég á að skrifa.

SIGGI

Það voru nýir ventlar og stimplar og hreinsun. Ég var heilan dag að tussast í þessu.

JÓI

Þú verður að skifa vinnuseðil maður.

SIGGI

Er ekki bara nóg að ég segi þér hvað ég geri?

JÓI

Þú kannt að skrifa er það ekki?

SIGGI

Hvað er að þér maður? Það er óþarfi að vera með svona.

(Þögn)

Ég meina.. það er best að vera með svona.. verkaskiptingu. Það passar betur. Þú veist.. við erum svo ólíkar týpur. Þú ert svona þessi þögla týpa - svona æðislega yfirvegaður. Ha?! Svona meira eins og yfirmaður. Ég er aftur á móti svona meira opinn.. þú skilur. Ha?! Ég get talað við alla og svoliðis. Ég er kannski betri að gera við en þú.. allavega jafngóður og ef ef þarf að meika eitthvað er enginn betri en ég. En ég gæti aldrei verið verkstjóri. Ég svona.. eiginlega veld ekki ábyrgðinni - ég fer allur í kerfi ef ég á að skrifa eitthvað. Skattaskýrslan maður! Ég hef aldrei meikað hana. Kjafsti maður!

JÓI

Hvaða kjafstæði er þetta? Betri en ég! Hvernig var það með uppsláttarvélina? Hver reddaði henni þegar þú varst búinn að skíta á þig? Kjafsti maður!

SIGGI

Ég hefði alveg meikað hana. Ég var bara ekki í stuði. Ég meina.. auðvitað veistu meira en ég svona yfirleitt en ef það er eitthvað sérstakt þá er ég betri.

JÓI

Kjafsti maður!

SIGGI

Kjafsti sjálfur! Ég bakka ekki með það.

JÓI

Þú myndir ekki pussu þó hún væri að míga á þig.

SIGGI

Djöfull ertu leiðinlegur. Þú veist alveg hvað ég meina. Þú vilt bara ekki viðurkenna það. Hvernig var það með kantskerann sem hann þarna pussan kom með í síðustu viku? Hver reddaði honum?

JÓI

Það var ekkert mál að redda honum. Ég hefði getað gert það með rassgatinu.

SIGGI

Þú vissir ekkert í þinn haus. Stóðst bara og klóraðir þér í borunni.

JÓI
Kjafti!

SIGGI
Kjafti sjálfur!

Þögn. Þeir halda áfram vinnu sinni. Fúlir. SIGGI gjóar augunum til JÓA sem gerir í því að veita honum enga athygli.

SIGGI
Jói!

JÓI
Umm!

SIGGI
Er ekki að koma kaffi?

JÓI
Kaffi! Djöfuls kaffikerling ert þú að verða. Alltaf endalaust djöfuls kaffi.

SIGGI
Kjafti maður! Maður verður að éta.

JÓI
Éttu þá skít!

Þögn. SIGGI er sár og JÓI verður þess var.

JÓI
Jæja. Förum þá í kaffi.

SIGGI
Það er alveg óþarfi mín vegna.

JÓI
Vertu ekki eins og kerling maður. Það er löngu komið kaffi.

SIGGI
Mig langar ekki í neitt. Ég þarf líka að klára þetta í dag.

JÓI
Æ Siggí minn - Siggí minn. Þú ert góður vélvirki. Það vita allir.

SIGGI
Þú segir þetta bara.

JÓI
Og ég meina það. Þú ert sá besti í bransanum. Komdu nú.

JÓI sest við borðið og tekur upp bitabox.

SIGGI

Finnst þér það? Í alvöru?

JÓI

Hvað?

SIGGI

Að ég sé góður?

JÓI

Svona vertu ekki eins og andskotans pussa. Sestu nú.

SIGGI sest við borðið og tekur upp bitabox. Þeir fá sér kaffi úr brúsa.

SIGGI

Sástu myndina í gær? Þessa um krakkana.

JÓI

Nei ég nenni því ekki. Ég glápti á spólu.

SIGGI

Hvað horfðirðu á?

JÓI

Rio Grande.

SIGGI

Nú já! Rio Grande.

JÓI

Jamm. Ég skil ekki hvað þeir eru að pæla hjá sjónvarpinu. Það er aldrei neitt í því sem mann langar til að sjá. Tóm andskotans vandamál og leiðindi. Eins og maður hafi ekki nóg með sjálfan sig.

SIGGI

Ætli það ekki. Annars var allt í lagi með þessa mynd. Þegar maður var búinn að glápa í svona hálf tíma var hún farin að venjast. Hrikalegt líf á þessum krökkum.

JÓI

Æ vertu ekki að velta þér uppúr þessu. Þú ert að verða eins og einhver vandamálapussa. Segðu heldur eina góða.

SIGGI

Var ég búinn að segja þér frá pussunni sem ég vann með þegar ég var hjá Vélum og tækjum?

JÓI

Nei. Láttu hana koma.

SIGGI

Hann var vanur að fara á kamarinn eftir fyrra kaffi og skíta og reykja fram að mat. Þvílíkur djöfuls viðbjóður! Sex drjólar og hálfur kamel í skálinni því hann sturtaði aldrei niður. Maður þurfti að fara inn með klemmu á nefinu til að redda málunum - lyktin og reykjarstybban var ærandi. Þú getur rétt ímyndað þér hvort gæinn var vinsæll. Enginn komst á kamarinn í tvo klukkutíma, fýlan hreinn djöfuldómur og við urðum að redda því sem pussan átti að gera á meðan hann skeit.

JÓI

Kjafti maður!

SIGGI

Hvað heldurðu að við höfum gert?

JÓI

Ég veit það ekki.

SIGGI

Nú.. einn daginn helltum við bensíni í klósettið.

JÓI

Kjafti maður!

SIGGI

Svo fer pussan að skíta og lengi vel gerist ekki neitt. Allt í einu heyrum við þetta rosaöskur og gæinn flýgur uppúr loftinu með eldglæringar útúr rassgatinu. Rauk svo á dyr og við sáum hann aldrei frammar.

JÓI

Hoho! Kjafti maður! Hohoho!

SIGGI

Ég held að ég hafi aldrei hlegið jafnmikið.

JÓI

Með eldglæringar útúr rassgatinu. Hohoho!

Þögn. JÓI smáhlær með sjálfum sér.

SIGGI

Hvar er Hanna?

JÓI

Hvern andskotann heldurðu að ég viti um það? Þetta er frjálst land. Ef hún vill ekki vinna við sitt eigið fyrirtæki þá hún um það.

SIGGI

Ég spurði nú bara.

JÓI

Og ég veit ekki neitt. Enda er það ekki mitt mál.

SIGGI

Kjafti maður! Auðvitað er það ekki þitt mál. Ég hélt bara að þú vissir eitthvað.

(Þögn)

Hún hefur breyst mikið hún Hanna síðan Grjóni dó.

JÓI

Kjafti! Það er þá hennar mál.

SIGGI

Þú þarft ekki að vera svona viðkvæmur Jói minn. Ég veit hvernig þetta er.

(Þögn)

Ertu hrifinn að henni?

JÓI

Kjafti! Djöfullinn heldurðu að maður sé hrifinn.

SIGGI

Ég meina.. Hún er myndarleg kona hún Hanna. Helvíti reffilegur kvenmaður.

JÓI

Heimurinn er fullur af reffilegu kvenfólki. Ég get farið á ball hvenær sem er og komið með þær út í kippum. Ég þarf ekki á Hönnu að halda.

SIGGI

Ég bara skil ekkert í henni Hönnu. Það væri svo pottþétt fyrir ykkur að taka saman. Ég meina.. þú tækir þá bara við verkstæðinu og öllu heila klabbinu.

JÓI

Æ haltu kjafti maður.

SIGGI

Kjafti sjálfur.

Þögn.

JÓI

Segðu mér eitt Siggi. Þú ert svona dálítið í þessum andlegu málum. Heldurðu virkilega að draumar hafi einhverja merkingu?

SIGGI

Sumir hugsa ég.

JÓI

Þetta var svo djöffull skríttinn draumur.

SIGGI

Segðu mér hann.

JÓI

Mér fannst ég vera staddur einhversstaðar úti á víðavangi og ég var allsnakinn. Allt í einu stendur stór skessa við hliðina á mér. Þetta var hið versta flagð með skemmdar tennur og andremman ætlaði mig lifandi að drepa. Nú! Hún nær á mér hreðjatak og æpir á mig: “Gagnastu mér nú Jóhannes ef einhver manndómur er eftir í þér.” Mér verður ekki um sel svo ég slít mig lausan að því er ég tel og tek á rás í burtu. Hleyp ég síðan lengi nætur yfir fjöll og firnindi. Þegar ég held að ég sé öruggur stansa ég og lít til baka. Sé ég þá að tillinn á mér liggur teygður yfir fjöll og dali svo langt sem augað eygir eins og í einhverju andskotans skrípó. Í því heyrir ég hæðnishlátur skessunnar langt í fjarska. Við það vaknaði ég.

SIGGI

Kjafsti maður! Hrikalegur draumur!

JÓI

Það voru einhver ónot í mér svo ég fékk mér kaffi og glápti á spólu. True Grit.

SIGGI

Kallgreyið! Þú hefur verið alveg í mínus.

JÓI

Heldurðu að þetta sé fyrir einhverju.

SIGGI

Ég veit það ekki. Ég þyrfti að fletta þessu upp.

Þögn.

JÓI

Ætli það sé ekki best að fara að gera eitthvað.

SIGGI

Ætli þaki.

SIGGI fer að vinna við einhven vélarhlut en JÓI að vinna einhverja pappírsvinnu. Þeir þegja nokkra stund.

SIGGI

Eru engin splitti? Ekki eru splittin búin líka?

JÓI

Það er kassi inní hillu.

SIGGI fer út um minni dyrnar. Skömmu síðar kemur HANNA inn. Þegar JÓI verður hennar var flýtir hann sér að tæma peningakassann og stingur peningunum í vasann.

HANNA

Jói elskan! Ég er á voðalegri hraðferð. Strákurinn er að fara í skólaferðalag og þarf einhvern galla. Það er svona eins og þau eru öll í. Þú veist hvernig það er á þessum aldri. Svo er það nesti og allt það. Mig vantar tuttugu þúsund.

JÓI

Ertu búin með það sem ég lét þig fá í gær?

HANNA

Elskan mín! Það var nú ekki upp í nös á kettir. Það er orðið svo dýrt að lifa. Það eru ekki allir jafn útsjónarsamir og þú elskan. Pening!

JÓI

Það er ekkert í kassanum. Og virðisaukann á að borga á morgun.

HANNA

Þú reddar því.

JÓI

Redda og redda! Það er hægara sagt en gert. Maður skítur ekki peningum.

HANNA

Guð hvað þú getur verið þreytandi elskan. Eins og þú ert nú sætur stundum. Láttu ekki svona.

JÓI

Það er ekki hægt að eyða meira en maður aflar. Það eru ekki til peningar. Það myndirðu vita ef þú ynnir þín verk hérna.

HANNA

Heyrðu mig! Er það ég eða þú sem á þetta fyrirtæki?

(Pögn)

Flýttu þér nú. Bíllinn bíður.

JÓI

Ertu á leigubíl? Það eru aldeilis flottheit.

HANNA

O hvað þú getur verið andstyggilega leiðinlegur. Ég skil ekki hvað ég sé við þig eins og þú lætur alltaf við mig. Þú tekur af mér öll ráð. Ég ræð engu í mínu eigin fyrirtæki. Fyrirtækinu sem maðurinn minn sálugi byggði upp. Hvernig geturðu komið svona fram við varnarlausa ekkju?

JÓI gengur til HÖNNU og ætlar að taka utan um hana.

JÓI

Ég er bara að reyna að gera það sem er þér fyrir bestu.

HANNA

Ekkert káf! Ég vil ekki fá olfublettir í kápuna.

SIGGI kemur inn.

SIGGI

Nei Hanna! Blessuð.

(Við Jóa)

Ég finn ekki þessi andskotans splitti. Ertu viss um að þú hafir pantað þau?

JÓI

Auðvitað er ég viss um það. Ertu alveg staurblindur maður? Þau liggja í hillunni við hliðina á trekvarttommunni.

SIGGI

Ég sá þau ekki.

JÓI

Andskotinn! Þarf maður að gera allt sjálfur?

JÓI fer út um minni dyrnar. Þegar hann er farinn kíkir HANNA í peningakassann.

HANNA

Er ekki nóg að gera Siggí minn?

SIGGI

Svona slarkandi.

HANNA

Og borga þeir reikningana? Þið passið uppá að þeir borgi reikningana er það ekki?

SIGGI

Það veit ég ekkert um. Ég bara vinn hérna. Átt þú ekki að sjá um reikningana?

HANNA

Æ Siggí minn þú veist hvernig þetta er. Það er ekki leggjandi á kvenmannsræfil eins og mig að sjá um heimili og vinna úti. Það er ljótt að segja það en guð veit að ég fyrirgef honum Sigurjóni aldrei að hann skyldi deyja frá mér. Guð veit að það er ekki létt að vera ekkja.

SIGGI

Hann Jói sér nú eiginlega alveg um þetta.

HANNA

Hann Jóhannes! Ekki ætla ég að hallmæla honum en hann Jóhannes er ekki fjölskyldumaður og skilur ekki hvað þarf til að halda úti fjölskyldu. Strákurinn að klára menntó og það er ekki lítið sem það kostar - bækurnar, fötin, félagslífið og allt það. Og stelpan nennir ekki að vinna - ég þarf að halda henni uppi. Guð veit hvað ég verð fegin þegar hún gengur út. Hvað hefur orðið að manninum? Skilur hann ekki að ég er að flýta mér?

HANNA fer út um minni dyrnar.

SIGGI

Þar lá Jói í því. Nú fær hann aldeilis að snýta seðlunum.

LÁRUS kemur inn.

LÁRUS

Sæll foringi! Það er bara verið að vinna. Gott hjá þér vinurinn snari - það verður að halda hjólum atvinnulífsins á hreyfingu. Hvar er Hanna?

SIGGI

Hún er að tala við Jóa.

LÁRUS

Tala og tala já. Bróðir minn er hæfileikaríkur strákur en hæfileikarnir liggja ekki í talandanum. Mikill andskotans drumbur getur drengurinn verið.

(Tekur upp fleyg og fær sér sopa. Býður Sigga)

Vessgú vinurinn snari! Tólf ára vískí!

SIGGI

Ætli ég sé nokkuð að því.

LÁRUS

Viltu ekki mitt vín? Þér er það óhætt því ég á nóg af því. Eða þykistu og góður til að drekka með mér?

SIGGI

Ég þarf að keyra heim. Eftir einn ei aki neinn.

LÁRUS

Keyra já. Vantar þig ekki bíl? Ég skal selja þér bíl.

SIGGI

Hvernig bíl?

LÁRUS

Við tveir - vinurinn snari - við erum alvöru menn. Þess vegna býð ég þér ekki einhverja japanska druslu. Ekki einhverja dauðagildru sem þarf að opna með dósahníf ef maður lendir í árekstri. Við viljum bara gæðabíla. Þýskt eða amerískt. Viltu Bens?

Nei þú ert ekki alveg týpan í það. BMW? Nei ekki heldur. Nei þú ert maður sem vill amerískan bíl. Láttu mig vita það. Ég er mannþekkjari.

SIGGI

Það er verst hvað þeir eyða miklu.

LÁRUS

Erum við þannig menn að við séum að þæla í slíkum tittlingaskít? Nei vinurinn snari. Við viljum stóra bíla sem eyða meira og menga meira en aðrir bílar. Það eru grundvallarmannréttindi að eiga slíkan bíl. Um leið og það verður bannað þá vitum við að kerlingar heimsins hafa tekið völdin.

SIGGI

Kjafti maður!

LÁRUS

Ég á Econoline '84 - hækkaðan með gangbættum brettaútvíkkunum á 38tommu mödderum. Fjögra hólfa flækjur og heitur ás. Loftdæla. JRC lóran og CB. Læsingar á framan og aftan. Fjögra tonna spil og ljóskastarar.

SIGGI

Kjafti maður! Á mínum launum! Ekki smuga!

LÁRUS

Hvað um Oldsmobile Cutlass '78? Tveggja dyra átta syllindra 200 kúbik upptekinn mótör og ný vetrardekk.

SIGGI

Æ ég veit það ekki Lalli.

LÁRUS

Ég veit hvað þú þarft foringi. Mustang. Ég á eitt gæðaeintak. Eldrauðan með sólúgu og gæru í afturglugganum. Ilmspjald í formi nakinnar konu hangir á framspeglinum. Hann er svo fljótur upp að rassgatið á þér verður eftir á malbikinu. Bíll með klassa. Hvað segirðu? Ég læt Kalvin Klein sólgleraugu fylgja með í kaupbæti.

HANNA kemur inn.

HANNA

Ég sagði þér að bíða úti.

LÁRUS

Ég gat ekki verið lengur með þessu bílstjóraflíli. Þetta er einhver hommi úr háskólanum að keyra inn aura fyrir fóstrumenntuninni sinni.

HANN

Guð! Það er ekki á það bætandi. Jóí verður óður.

LÁRUS

Ég skal sjá um Jóa.

HANNA

Nei. Ég sé um hann. Farðu út í bíl.

HANNA fer út um minni dyrnar.

LÁRUS

Kellingar! Alveg er það magnað hvað þær geta flækt sáraeinföld mál.

LÁRUS fer út á eftir HÖNNU.

SIGGI

Djöfullinn sjálfur! Ég ætla að vona að þeir fari ekki að slást. Ég sem hélt alltaf að tvíburar væru svo samrýmdir. Svo er það auðvitað kerlingin - ekki bætir hún bróðurkærleikann.

JÓI kemur inn um stærri dyrnar.

JÓI

Hérna eru splittin. Hvar er Hanna?

SIGGI

Hún fór inn. Hittirðu hana ekki?

JÓI

Nei.

SIGGI

Þá hefurðu heldur ekki hitt Lalla?

JÓI

Er hann hér? Djöfullinn.

Það er rjáláð við stóru dyrnar.

JÓI

Ég hef engan áhuga á að hitta hann.

JÓI fer út um litlu dyrnar. HANNA kemur inn um stærri dyrnar.

HANNA

Hvar er Jói?

SIGGI

Hann var að fara þarna inn.

HANNA

Hvert var maðurinn að æða?

SIGGI

Hann vildi ekki hitta Lalla.

HANNA

Ooo - þessir kallar!

HANNA fer út um minni dyrnar.

SIGGI

Djöfuls traffík er þetta. Þetta fer að verða eins og á umferðarmiðstöðinni.

LÁRUS kemur inn um stærri dyrnar.

LÁRUS

Hvar í fandanum eru þau? Ég finn þau ekki. Jæja. Það skiptir engu máli.

(Sjússar sig)

Jæja Sigurður. Hvernig er að vera hjá Jóa?

SIGGI

Það er fínt.

LÁRUS

Það versta við hann Jóa bróður er að hann hefur ekkert framtak. Af hverju er maðurinn ekki með sitt eigið verkstæði? Hann er níðsterkur og duglegur.. það vantar ekki. En það vanta eitthvað í stjórnklefann.

(Drepur fingri á enni sér)

Enginn við stýrið skilurðu?

SIGGI

Kjafti maður! Jóa er fínn. Ég meina.. hann reddar mér oft þegar eitthvað kemur uppá og ég reyni auðvitað að redda honum þegar ég get.

LÁRUS

Eruð þið kommúnistar eða hvað?

SIGGI

Djöfuls kommónistakjaftæði er þetta í öllum.

LÁRUS

Slappaðu af Siggí minn. Ég er víðsýnn maður. Margir af mínum bestu vinum eru kommúnistar. Strákagreyin. Ég vorkenni þeim. Sko ég er í vondum málum ef kaninn fer því þá missi ég bisset. Ég missi minn vin og verð hryggur. En þeir! Þeir missa sinn óvin og verða ekki nema hálfir menn.

SIGGI

Ég er engin andskotans kommónisti.

LÁRUS

Menn þurfa að laga sig að breyttum aðstæðum. Það er viðbragðið sem gildir. Hæfileikinn til að bregðast rétt við í breyttum heimi. Ég skal segja þér það að einusinni var ég skotmaður í sláturhúsi. Ég stóð þarna í litlum klefa og dúndraði í hausana á lömbunum en þeim var stungið inn um gat á veggnum. Sá sem gerði það var gamall bóndi sem hafði flosnað upp vegna kvótaleysis. Þetta var helvítis rútína og maður stóð þarna með byssuna og greip í horn eða eyra og skaut í ennið. Grípa skjóta grípa skjóta grípa skjóta grípa skjóta. Svo einn daginn var allt snarvitlaust - fjöldamorð sem aldrei fyrr og maður var orðinn eins og vélmenni við þetta. Þá veit ég ekki fyrr en karlhelvítið stingur hausnum í gatið og kallar: “Er ekki að koma kaffi?” Svo ég greip í eyrað á honum, þrykkti byssunni í ennið á honum og sagði: “Hver vill kaffi þegar hann á kost á dýrlegum dauða?” Það steinleið yfir karlinn.

SIGGI

Hei! Ég hef heyrt þessa sögu áður. Nema hvað þá leið yfir skotmanninn.

LÁRUS

Góð saga er sannari en vond saga þó hún sé sönn. Hvert fór kerlingarálftin? Ég nenni ekki að hanga héra í allan dag.

LÁRUS fer út um minni dyrnar.

SIGGI

Ætli hann hafi átt við gildi sögunnar sem dæmisögu eða var hann að tala um söguna sem endurspeglun drauma mannkynsins? Segjum við söguna til að nálgast sannleikskjarnann eða til að fegra okkur sjálf? Hvaðan kemur þessi tilhneiging okkar til að tengja saman hugtök eins og sannleika og fegurð þegar líklegast er að við rekumst á ljótleikann þegar við byrjum að róta á sorphaugum mannlífsins í leit að sannleikanum? Í heilagri ritningu segir að sannleikurinn geri menn frjálsa. Er þá antitesan sú að frelsi þess sem segir söguna geri hana sanna? Spurningar! Endalausar spurningar sem reka okkur áfram í leit að.. já hverju? Sannleika? Fegurð? Frelsi? Við erum á endalausri vegferð til ókunns áfangastaðar og förunautur okkar er efinn. Ég spyr og ég spyr.. en ég fæ ekki rassgats-svar.

HANNA kemur inn um stærri dyrnar.

HANNA

Guð! Ég get ekki staðið í þessu. Hvernig er þetta með ykkur karlmennina? Skiljiði ekki hvernig það er að vera kona og þurfa að sjá um alla skapaða hluti? Hvað líf okkar væri miklu einfaldara ef það væru engir karlmenn.

SIGGI

Er eitthvað að Hanna mín?

HANNA

Það er engin leið að tala við hann. Hann skilur ekki að ég þarf peninga og það strax.

JÓI kemur inn um stærri dyrnar. Lítur í kringum sig.

JÓI

Er hann farinn?

SIGGI

Hann er þarna inni.

HANNA

Siggi minn! Skrepptu eftir veskinu mínu. Ég hef víst gleymt því inni.

SIGGI fer út um stóru dyrnar.

HANNA

Jóhannes Sæmundsson! Nú lætur þú mig fá þá peninga sem eru til.

JÓI

Hanna mín..

HANNA

Ég á þetta verkstæði og ég vil fá mína peninga.

JÓI

En Hanna..

HANNA

Ef þú vilt eignast það þá skaltu bara kaupa það af mér. Fegin yrði ég að vera laus við það.

JÓI

Þú veist að ég á ekki nóg fyrir því.

HANNA

Lárus getur lánað þér.

JÓI

Til hans hef ég ekkert að sækja.

HANNA

Nú ef þig langar ekkert í verkstæðið..

JÓI

Auðvitað langar mig í það. Ég hef bara ekki efni á því.

HANNA

Peninga!

JÓI

Það er ekki endalaust hægt að taka út úr rekstrinum. Við förum á hausinn.

HANNA

Ég! Ég fer á hausinn. Ekki þú.

JÓI

Þetta er ekki hægt lengur.

HANNA

Ég skil ekki hvað ég sé við þig eins og þú ert andstyggilegur við mig. Þú elskar mig ekki neitt.

JÓI

Elsku Hanna mín!

HANNA

Já ekkert elsku Hanna mín við mig. Lárus er þó allavega skemmtilegur.

JÓI

Það helvítis fífl!

Þögn.

HANNA

Ég lét hækka trygginguna.

JÓI

Ég kem ekki nálægt neinu slíku.

HANNA

Vissi ég ekki? Ekkert viltu gera fyrir mig. Eftir allt sem ég hef fyrir þig gert.

JÓI

Það er ekki hægt. Þetta er ævistarfið hans Grjóna.

(Lægra)

Og mitt líka.

(Tekur peninga uppúr vasanum)

Hérna! Taktu þá.

SIGGI kemur inn um minni dyrnar.

SIGGI

Ég finn ekki veskið þitt.

HANNA

Það hlýtur að vera þarna einhversstaðar.

SIGGI ypptir öxlum og ætlar að snúa til baka. Stansar.

SIGGI

Passaðu þig maður!

Mikið hark heyrist að innan.

SIGGI

Djöfullinn sjálfur!

SIGGI hleypur út.

JÓI

Ég nenni ekki að hitta hann. Ég bíð inni þangað til hann er farinn.

JÓI fer út um stærri dyrnar. HANNA gengur að minni dyrunum og kallar inn.

HANNA

Hvað gengur eiginlega á?

SIGGI

(Kallar að innan)

Hann rak sig utan í stæðuna og það hrundi allt yfir hann.

LÁRUS

(Að innan)

Djöfuls drasl hérna. Þetta er slysaöldra þetta helvíti.

SIGGI

Þú verður að passa þig maður

SIGGI styður LÁRUS inn.

LÁRUS

Vinnueftirlitið ætti að koma hingað. Þeir yrðu fljótir að loka sjoppunni.

(Nuddar öxlina)

Ég vona að ég sé ekki viðbeinsbrotinn.

HANNA

Það væri mátulegt á þig. Hvað varstu að vilja hingað inn? Þú veist hvernig Jói verður þegar þú ert nálægur. Einmitt þegar ég þurfti að hafa hann góðan.

LÁRUS

Helvítið han Jói. Þú skríður fyrir honum eins og kvikindi. En ég er ekki hræddur við hann. Ég þori að láta hann heyra það. Ha! Ég skal bara láta hann heyra það núna.

LÁRUS fer út um minni dyrnar, HANNA fer á eftir honum og stendur í dyragættinni og SIGGI stendur fyrir aftan hana og fylgist með öllu.

LÁRUS

(Að innan)

Jói! Ég veit að þú ert þarna tussusnúðurinn þinn. Komdu hérna fram. Þorirðu það ekki ræfilstuskan? Ha?

HANNA

Hættu þessari vitleysu maður. Hvað á þetta eiginlega að þýða?

LÁRUS

(Að innan)

Jæja vinur. Ég fer þá bara með konuna.

HANNA

Lalli! Hættu nú!

LÁRUS

(Að innan)

Nei kemur hann ekki vinurinn.

HANNA

Jói! Nei!

Hark heyrir að innan. LÁRUS rekur upp sársaukavein.

SIGGI

Kjafti maður! Hann kýldann.

LÁRUS

Hann hefur nefbrotið mig mannfýlan.

HANNA

Farðu með hann út í bíl. Nú keyri ég hann heim.

SIGGI leiðir LÁRUS út. HANNA kallar innum dyrnar.

HANNA

Jói! Jói minn ! Komdu elskan! Vertu ekki með þessa vitleysu - komdu nú! Ég verð að fá að kveðja þig almennilega.

JÓI kemur inn.

HANNA

Þú ert agalegur!

(Virðir hann fyrir sér með aðdáun)

Kemurðu í kvöld?

JÓI

Hvað með Lalla?

HANNA

Ég verð ein.

JÓI

Ég kem.

HANNA

Stóri sterki strákurinn minn.

(Tekur utan um Jóa og kyssir hann)

Ég er eitthvað svo örugg með þér.

(Fleiri kossar)

Bless á meðan.

HANNA tekur veskið sitt af borði þar sem það hefur staðið allan tímann. Hún gengur til dyra, snýr sér við og sendir JÓA fingurkoss.

HANNA

Þú veist hvað þú þarft að gera.

Þau horfast í augu.

HANNA

Ég bíð eftir þér.

HANNA fer út. Siggi kemur inn.

SIGGI

Kjafsti maður! Rosaleg negla. Nefið á honum fór alveg í klessu.

JÓI

Humm.

SIGGI

Ég skil þig vel. Eins og hann lætur við þig.

JÓI

Farðu nú heim Sigurður.

SIGGI

Heim?

JÓI

Já. Þetta er orðið gott í dag.

SIGGI

En klukkan er ekki orðin.

JÓI

Það er allt í lagi. Ég skal slökkva og ganga frá.

SIGGI

Þú stimplar mig þá út?

JÓI

Ha? Stimpla? Já auðvitað.

SIGGI

Er ekki allt í lagi með þig?

JÓI

Það er allt í þessu fína.

SIGGI

Ég er þá farinn. Ef pussan kemur til að sækja mótorinn þá er hann tilbúinn. Ég var ekki búinn að skrifa neitt. Ég herti upp..

JÓI

Já já Siggi minn. Það er allt í lagi.

SIGGI

Jói.

JÓI

Já.

SIGGI

Ég hef verið að hugsa dálítið um þennan draum.

JÓI

Hvað með hann?

SIGGI

Jú samkvæmt kenningum hans þarna.. sálfræðipussunnar - Sigmunds Freuds - þá sprettur hann út frá þeirri duld sem Freud kallaði kastrasjónskomplex eða geldingarótta - að konur ætli sér að hafa manndóminn af karlmönnum. Einnig kemur fram merkileg kombinasjón við ödipusarduldina - þú veist - þar sem hægt væri að túlka teygða tillann sem naflastreng og þá væri hið kvenlega og karlmannlega tákn - tvíeitt..

JÓI

Hvaða djöfuls háskólakjafaði er þetta? Hvar nærðu í þetta andskotans bull?

SIGGI

Bara! Maður reynir að fylgjast með.

Þögn. SIGGA langar að segja eitthvað fleira en leggur ekki í það.

SIGGI

Blessaður!

JÓI

Bless Siggi minn.

SIGGI fer. Jói opnar stærri dyrnar, fer inn og hverfur eitt augnablik. Ljósín byrja að dofna. Hann kemur fram og gengur um gólf þungt hugsí. Hann tekur ákvörðun, fer út og kemur til baka með bensínbrúsa.

JÓI

Maður verður víst að gera það sem maður verður að gera.

JÓI hellir bensíninu yfir gólf og húsgögn. Ljósín dofna enn. JÓI tekur upp zippókveikjara og kveikir á honum. Ljósín fara út. Eina ljósið er frá zippókveikjaranum sem svífur í boga og lendir á gólfinu.

TJALDIÐ